

Fundargerð stjórnar

87. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn föstudaginn 16. nóvember, 2007 að Austurvegi 52, Selfossi.
Mættir: Margrét K.Erlingsdóttir, Snæbjörn Sigurðsson, Ólafur F.Leifsson.
Einnig mætti á fundinn: Kristján Einarsson, sl.st., sem ritaði fundargerð.
Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 12.00.
1. Húsnæðismál slökkviliðs. (Björgunarmiðstöðin)
Farið var yfir fyrirliggjandi leigusamning við Björgunarfélag Árborgar um leigu BÁ á eignarhluta Björgunarfélagsins í nýju húsi við Árveg 4 á Selfossi. Um er að ræða u.þ.b. 1170 m² af húsnæðinu, vélasalur, skrifstofurými og fl. Samningur sá sem lá fyrir fundinum var saminn af Guðjóni Æ. Sigurjónssyni hdl. fyrir Björgunarfélagið. Lögfræðingur Árborgar, Sigurður Sigurjónsson las hann yfir fyrir hönd BÁ. Samningur verður gerður til 25 ára samkv. viljayfirlýsingunni. Slökkviliðsstjóra falið að senda samning til fulltrúaráðsmanna til skoðunar og samþykktar.
Samþykkt að freista þess að undirrita samninginn laugardaginn 8. desember n.k. kl. 12.00 á svæði við Björgunarmiðstöðina að Árvegi 4 Selfossi.
Fyrirhugað er að fá slökkviliðsmenn BÁ til að koma og vera viðstadda þessa athöfn. Eftir undirskrift verður boðið upp á veitingar í slökkvistöðinni við Austurveg 52.
2. Fjárhagsáætlun BÁ fyrir árið 2008 (Drög)
Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að áætlun fyrir árið 2008. Hækkun verður á rekstarliðum frá síðasta ári sem skýrast af nokkrum þáttum. Helst er að nefna að á árinu er áformað að flytja starfsemi BÁ í nýtt húsnæði á Selfossi, einnig er gert ráð fyrir því að útstöðvar verði fullbúnar og leigugjöld þ.a.l. færð til samræmis við það gildandi leiguverð.
Nýir slökkvibílar koma til liðsins um áramótin, einn bíll í Árnes fyrir áramót 2007-2008 og nýr bíll á Selfoss eftir áramót. Lántökur verða þessu samfara. Lífeyrisskuldbindingar hækka milli ára og gert er ráð fyrir því að slökkviliðsmenn, einn eða fleiri geti sótt námskeið sjúkraflutningsskólans. Aðrir rekstrarliðir eru að mestu í eðlilegum farvegi.
Samþykkt að senda drögin til fulltrúaráðsmanna til skoðunar og samþykktar.
3. Tækjamál
Slökkviliðsstjóri sagði frá því nýr slökkvibíll sem á að vera staðsettur í Árnesi sé kominn til landsins og verði fljótlega settur í slökkvistöðina í Árnesi. Samfara komu hans verða æfingar á hann settar í gang og einnig æfingar og yfirferð í virkjunum Landsvirkjunar.
Nýr bíll á Selfoss verður afhentur frá verksmiðju í Póllandi í 49 viku þessa árs og kemur um eða eftir áramót .

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 14.05

**Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Snæbjörn Sigurðsson
Kristján Einarsson**